



Markaðsstofa Suðurlands

Fundargerð

6. stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands kl. 10:00 mánudaginn 2. febrúar 2026, sem er fjarfundur að þessu sinni.

Mættir:

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Árdís Erna Halldórsdóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Jelena Ohm, Ferðamálasamtök Suðurlands
Sveinn Hreiðar Jenson, Ferðamálasamtök Suðurlands
Aníta Jónsdóttir, Visit South Iceland ehf.
Ágúst Elvarsson, Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu
Brynhildur Jónsdóttir, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Forföll:

Anton Kári Halldórsson, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Árdís Erna Halldórsdóttir

Dagskrá fundar:

- Verkefni undanfarið og framundan
- Samstarfssamningur við SASS
- Önnur mál

Verkefni undanfarið og framundan

Samstarf við sveitarfélög og SASS

Fundur með SASS og aukið samstarf

Ragnhildur átti fund með Ingunni framkvæmdastjóra og Línu verkefnastjóra hjá SASS í byrjun janúar. Markaðsstofan sendi inn tillögu að áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands fyrir 2026 um þróunarverkefni um *Söguslóðir Suðurlands* sem byggir á svipaðri vinnu og Eldfjallaleiðin. Þessi tillaga hlaut ekki brautargengi í ár. SASS leggur þó til að Markaðsstofan og SASS geri með sér samstarfssamning um ákveðin verkefni. Stjórn fékk samning til yfirlesturs og var einnig farið nánar yfir hann á fundinum.

Umræður sköpuðust um samninginn og fögnuðu fundarmenn því að samstarfið væri formgert á þennan átt. Framkvæmdastjóra var falið að ljúka undirritun.

Fundir á Höfn í Hornafirði

Þann 21. janúar áttu Ragnhildur og Árdís tvo fundi á Höfn. Annar var með bæjarstjórn og starfsfólki sveitarfélagsins og hinn var opinn fundur fyrir ferðapjónustuna. Á fundinum með sveitarfélaginu kynnti bæjarstjóri nokkur verkefni sem eru í gangi á svæðinu, framkvæmdastjóri MSS kynnti starfsemina og í framhaldi voru góðar umræður um hvað er framundan og hvernig hægt er að vinna að ákveðnum málum sameiginlega. Á fundi með ferðapjónustunni kynnti framkvæmdastjóri starfsemi MSS og urðu góðar umræður í framhaldi á fundinum. Þessir fundir eru mikilvægir til að eiga samtali um stöðu inn á mismunandi svæðum og áherslur þeirra.

Faghópsfundur

Árdís og Hrafnhildur leiddu faghópsfund sveitarfélaganna þann 28. jan. Þar var m.a. rætt um Mannamót, uppfærslu áfangastaðaáætlunar, kortamál, póstlista kjörinna fulltrúa og svo sögðu fulltrúar frá því helsta sem er í gangi inni á hverju svæði.

Samskipti við Vestmannaeyjar

Starfsfólk MSS er í sambandi við Vestmannaeyjar um helstu verkefni sem þarf að fara í gegnum saman ásamt því að fá fulltrúa þeirra inn í faghóp. Erna Georgsdóttir, verkefnastjóri markaðs-, menningar- og miðlunarmála hjá Vestmannaeyjabæ kemur inn sem þeirra fulltrúi.

Samstarf Markaðsstofa landshlutanna

Mannamót Markaðsstofa landshlutanna

Í fyrstu viku janúar var haldinn kynningarfundur fyrir fyrirtækin sem voru skráð á Mannamót þar sem farið var yfir það helsta sem var gott að hafa í huga fyrir sýningu og ýmis praktísk atriði. Haldinn var einn skipulagsfundur í framkvæmdahóp MAS viku fyrir viðburð þar sem síðustu lausu endarnir voru hnýttir. Suðurland fer fyrir salarskipulagi og pöntun á sýningarkerfum, teppi, stólum, borðum og fleiru slíku sem þarf til að halda svona sýningu. Þetta þarf allt að yfirfara og staðfesta þegar lokatölur sýnenda liggja fyrir. 15. janúar rann svo upp sýningardagurinn og tókst mjög vel þar sem um 260 fyrirtæki komu saman, þar af 77 af Suðurlandi, og tóku á móti um 1200 gestum í Kórnum. MAS framkvæmdahópurinn fundaði svo eftir viðburðinn og fór yfir nokkra punkta sem þarf að muna eftir fyrir næsta ár og gætu farið betur. Annars var það samdóma álit hópsins að heilt yfir hafi viðburðurinn gengið mjög vel fyrir sig.

Fundur MAS um Almyrkvann

Árdís sótti fund MAS, Ferðamálastofu og SAF þar sem farið var yfir helstu málefni almyrkvans á sólu sem verður 12. ágúst nk. Kristján Bjarki hjá Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins var tilnefndur af MAS í verkefnahóp stjórnvalda um almyrkvann og hann lýsti áhyggjum yfir hversu lítið væri að gerast á vettvangi hópsins frá því MAS hittist síðast. Enn er óvíst hvernig verkefnið verður fjármagnað en gríðarlega mikilvægt er að fjármagn verði tryggt í þetta sem fyrst.

Almyrkvaslóðin liggur nánast ekkert yfir Suðurlandið en mikilvægt er að MSS miðli efni frá þeim landshlutum sem eru í slóðinni um safnsvæði og staði sem skynsamlegt er að njóta myrkvans. Auk þess þurfa Suðurland og Norðurland að vera vel meðvituð um hvernig umferð gæti þróast til og frá

landshlutunum og mögulega stýringu þar sem ætla má að áhrifasvæði þessa atburðar hvað varðar bókanir í gistingu á sólmyrkvadaginn verði allavega frá Eyjafirði í norðri og austur að Vík í suðri.

Stefnumótunarfundur með ráðgjafa

Forstöðumenn MAS hittust 28. janúar með ráðgjafa til að halda áfram með stefnumótun samstarfs Markaðsstofa landshlutanna. Reglulega í gegnum árin hefur verið skerpt á samstarfinu þar sem ávallt koma fram einhverjar breytingar. Mikilvægt er að hafa ákveðið verklag á blaði svo betra sé fyrir nýtt fólk að koma sér hratt og vel inn í verkefni og hlutverk. Eins hefur ákveðnum markmiðum samstarfsins verið náð og því tími til að taka þetta upp.

Fundur fyrir stoðkerfi ferðapjónustunnar

Í janúar í fyrra buðu Markaðsstofur landshlutanna öðrum aðilum í stoðkerfi ferðapjónustunnar á fund þar sem hver landshluti kynnti verkefni ársins. Þetta heppnaðist svo vel að leikurinn var endurtekinn í ár, þann 29. janúar sl. Fulltrúum atvinnuvegaráðuneytis, Ferðamálastofu, Íslandsstofu, Samtaka ferðapjónustunnar og Íslenska ferðaklasans var boðið til fundar og samtals. Forstöðumenn kynntu verkefnin og tóku við spurningum í síðasta hluta fundarins. Áhyggjur landshlutanna af hægagangi stjórnvalda í aðgerðum vegna almyrkva voru ítrekaðar á fundinum. Annars var fundinum fagnað af fundagestum og mikilvægur liður í samstarfi allra þessara aðila.

Ratsjain lota 3 og 4

Endurmenntun starfsmanna hélt áfram með Íslenska ferðaklasanum í Ratsjaini undir dyggri stjórn Svövu hjá RATA. Í lotu 3 var farið yfir hvernig gervigreind getur nýst áfangastaðastofum og sjálfbærnimál. Í lotu 4, sem jafnframt er síðasta lotan, var staðlota þar sem starfsmenn komu saman í Elliðaárstöðinni og fóru í gegnum efni um leiðtogafærni og teymisvinnu og fögnuðu svo saman vel heppnaðri vinnu um kvöldið.

Samstarf við Ferðamálastofu

Ferðapjónustuvikan 13. -15. janúar

Starfsfólk MSS sótti ferðapjónustuvikuna og einhver þeirra náði að sækja alla viðburði. Margir áhugaverðir og fjölbreyttir viðburðir voru í boði fyrir greinina.

Þróun gagnagrunns

Framkvæmdastjóri er í vinnuhóp Ferðamálastofu um endurbætur á gagnagrunni. Farið var yfir rýnivinnu á notendaupplifun í fyrstu drögum nýrrar uppsetningar.

Samstarf við Íslandsstofu

Fundur MAS og Íslandsstofu

Í byrjun janúar funduðu fulltrúar MAS með forstöðumaður ferðapjónustu hjá Íslandsstofu þar sem farið var yfir samstarfið og hnykk á nokkrum atriðum sem mættu fara betur.

Samstarf um efnissköpun í landshlutanum

Erindi er komið frá Íslandsstofu um að þau vilji framleiða kynningarefni á samfélagsmiðlum frá öllum landshlutum í samstarfi við Markaðsstofuna. Íslandsstofa er með efnisaðila sem mun framleiða „short-

form“ myndefni fyrir samfélagsmiðla, MSS myndi móta ferðaáætlun fyrir 2-3 daga miðað við áherslur landshlutans. Verkefni sem verður í gangi út þetta ár. Markmiðið er að samræma frásögn og áherslur á milli Íslandsstofu og markaðsstofa á eigin miðlum.

Fundur með PR stofu og áherslur ársins

Þann 13. febrúar nk. fundar MSS með PR stofu og fulltrúa markaðssamskiptasviðs Íslandsstofu þar sem farið verður yfir helstu áherslur sem Suðurland vill vinna að á árinu. Starfsfólk mun setja saman lista sem nýtist í þessa vinnu.

Sýningar

ITB Berlín

Framkvæmdastjóri mun taka þátt með Íslandsstofu og öðrum fulltrúum MAS í ferðasýningunni ITB Berlín þann 3.-5. mars nk.

Vefmál og samfélagsmiðlar

Alltaf er vinna í gangi með samfélagsmiðlana og seint á síðasta ári stofnuðum við TikTok aðgang fyrir Visit South Iceland. Framundan er vinna með öðrum markaðsstofum að því að aðlaga vefi til að þeir virki sem best fyrir gervigreind.

Ýmsir fundir

- Samráðsfundur fyrir stjórnarfund Vatnajökulspjóðgarðs
- Fundur með fulltrúa frá NORA
- Fundur með Broadstone framleiðslufyrirtæki – kynning á efni og kerfi

Önnur mál

Aðalfundur og árshátíð – dagsetning og staður

Nú stýttist í aðalfund og árshátíð Markaðsstofu Suðurlands og sköpuðust umræður um dagssetningu og staðsetningu fyrir viðburðinn. Lagðar voru fram eftirfarandi tillögur að dagssetningum:

30. apríl (fimmtudagur fyrir 1. maí frí), 7. maí (fimmtudagur), **8. maí (föstudagur)**, 13. maí (miðvikudagur fyrir uppstigningardag).

Ákveðið var að vinna áfram með föstudaginn 8. maí og kom til tals að kanna aðstæður í Vestmannaeyjum fyrir viðburðinn. Starfsmenn kanna málið með nýjum faghópsfulltrúa í Vestmannaeyjum.

Fundartímar framvegis

Fundartími stjórnar MSS skarast oft hjá Antoni Kára á þessum tíma. Umræða að færa fundinn til kl. 11 fyrst mánudag í mánuði.

Framkvæmdastjóri verður erlendis í byrjun mars og var því ákveðið að færa marsfundinn aftur til þriðjudagsins 10. mars kl. 10.

Hringurinn hjá stjórnarmönnum – hvað er að fréttu?

Fundarmenn sammála um að veturinn, allavega nóvember, des og jan hafi verið rólegri en undanfarin ár. Á það við um allt Suðurlandið – og reyndar landið í heild sinni. Bókunarstaðan er samt nokkuð góð

og lítur út fyrir að vorið og sumarið verði á pari við síðustu ár. Umræða um fjárskort í neytendamarkaðssetningu fyrir Ísland erlendis og leiðir til að auðga okkar eigin miðla.

Fundi slitið kl. 12:00